



Reykjavík, 10. desember 2018
VEL2018100005
342. fundur
RÁ/kg/hv

Lagt fyrir fund velferðarráðs 12. desember 2018

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: Fyrirspurn.

Forsaga:

Á fundi velferðarráðs þann 24. október 2018 var lög fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Óskað er eftir upplýsingum um stöðu innleiðingar á Breiðholtslíkaninu (snemmtækri íhlutun) í öll hverfi borgarinnar.

Svar:

Breiðholtsmódelið, sem svo hefur verið kallað, hófst hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts árið 2007. Í meginatriðum byggir verkefnið á hugmyndafræði snemmtækra íhlutunar sem felst í því að bregðast strax við beiðnum um þjónustu, greina vanda eins fljótt og hægt er og veita síðan bestu mögulegu þjónustu. Skólaþjónusta Breiðholts stofnaði til ýmissa nýjunga svo sem að skima fyrir vanda barna og skipuleggja og halda námskeið fyrir börn og foreldra. Dæmi þar um er að allir grunnskólanemendur í 9. bekk voru skimaðir með sérstökum spurningalistum þar sem spurt er um kvíða og þunglyndiseinkenni. Haft var samband við foreldra þeirra unglunga sem fóru yfir viðmið í skimun og boðið upp á þjónustu þar á meðal viðtöl, ráðgjöf eða námskeið í hugrænni atferlismeðferð (HAM) sem gengur undir nafninu „*Mér líður eins og ég hugsa*“. Námskeiðin voru innleidd í samstarfi við geðsvið Landspítala Háskólasjúkrahúss Önnur hverfi fylgdu Breiðholtinu eftir og námskeiðið hefur verið haldið reglulega í öllum hverfum borgarinnar undanfarin ár. Breytingar eru þó fyrirhugaðar þar sem ákveðið hefur verið að skimun á vanda barna í 9. bekk verði gerð í samvinnu við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og námskeið og þjónusta sálfræðinga verði samvinnuverkefni á milli þessara aðila. (Um námskeið sem eru í boði vísast til svars sviðsstjóra velferðarsviðs við fyrirspurn Flokks fólksins um biðlista vegna námskeiða, dags. 10. des. 2018).

Aðrar þjónustumiðstöðvar fylgdu fyrirkomulagi þjónustumiðstöðvar Breiðholts eftir í framkvæmd skólaþjónustu en mishratt. Fyrir ári síðan var ákveðið í samvinnu skóla- og frístundasviðs og velferðasviðs að þjónusta við börn og fjölskyldur í borginni yrði samþætt. Þar skyldi áherslan vera á snemmtæka íhlutun, fækka greiningum sálfræðinga, auka viðveru starfsmanna skólaþjónustunnar í skólum á vettvangi barnsins, auka

ráðgjöf til foreldra og kennara svo það helsta sé nefnt. Með samstilltu átaki og samvinnu ætti að bregðast fyrir við með vægum inngrípum í nærumhverfinu áður en mál barnsins væru komin í óefni.

Þessar nýju áherslur tóku formlega gildi um síðustu áramót og eru enn í innleiðingarferli. Þessar breytingar hafa verið kallaðar Reykjavíkurmódelið. Til viðbótar ofanefndum atriðum má nefna:

- hegðunarráðgjafar starfa nú í leik- og grunnskólum sem hluti skólaþjónustunnar
- verið er að innleiða lausnateymi í öllum grunnskólum, sem verður fyrsti stuðningur við kennara
- þjónusta talmeinafræðinga hefur verið augin og unnið er að frekari aukningu
- farteymi sem vinna eiga með erfiðustu hegðunarerfiðleika nemenda hafa verið stofnuð og hefja starfsemi fljótlega
- foreldrar og kennarar geta óskað eftir viðtölum við sálfræðing
- barn getur fengið ráðgefandi viðtöl hjá sálfræðingi með samþykki forsjáradila
- öll eyðublöð, tilvísanablöð og vinnuferla hafa verið samræmd í borginni. Sú vinna heldur áfram í samvinnu við Rafræna þjónustumiðstöð.

Til að fylgjast með stöðu innleiðingar er horft til ýmissa þátta. Meðal annars að fjöldi barna á bið eftir fyrstu þjónustu verði hlutfallslega minni en þeirra sem bíða eftir frekari þjónustu, þrátt fyrir að í heildina sé áhersla lögð á að draga úr biðtíma eftir þjónustu. Í janúar 2018 var hlutfalla þeirra sem biðu eftir fyrstu þjónustu (snemmtæk íhlutun) 69% en er 1. nóvember 65%. Hlutfall þeirra sem bíða eftir frekari þjónustu (sálfræðilegar greiningar o.fl.) var í janúar 31% en er í dag 35% en búist var við fjölgun í þessum hópi til að byrja með þar sem áherslan er á snemmtæka íhlutun og því biðin mögulega lengri eftir frekari þjónustu. Frá 1. janúar til 1. nóvember 2018 hefur fækkað um 95 börn á biðlista eftir frekari þjónustu sálfræðinga.

Af þeim málum sem bárust til þjónustumiðstöðva (tilvísanir, viðtalsbeiðnir og bráðamál) árið 2017 var 84% mála lokið eða börnin komin með þjónustu 1. júlí 2018.

Reykjavíkurmódelið byggir á stigskiptri þjónustu þar sem byrjað er á vægasta úrræðinu í nærumhverfi og þjónusta augin í takt við þarfir. Áherslan er því lögð á að efla framlínuþjónustu sem veitt er af hegðunarráðgjöfum, skólasálfræðingum og öðrum sérfræðingum í góðu samstarfi í umhverfi barnsins. Aðgerðir beinast meðal annars að auknum forvörnum, fræðslu, skimun á vanda, námskeiðum, skýrari verkaskiptingu stofnana, bættu samráði, bættu aðgengi að viðtalsmeðferð og eflingu fjölskyldumeðferðar.

Reykjavíkurmódelið, eins og það er nú kallað, er komið til innleiðingar í öll hverfi borgarinnar og stöðumat tekið á 6 mánaða fresti, þar sem meðal annars er skoðuð bið eftir fyrstu og frekari þjónustu.